



10. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025
haldinn miðvikudaginn 8. janúar 2025
haldinn í Borgartúni 27, 2. hæð, kl. 11:45

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Jens Guðmundur Hjörleifsson og Ragna Kemp Haraldsdóttir. Kolbeinn Hólmar Stefánsson boðaði forföll.
Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 6. desember
2. Samráðsnefndarfundur 17. des. 2024
3. 0,1% framlagið.
4. Rektorskjör.
5. Tþ. 13. nóvember Jens, vegna rannsóknamissis.
6. Fréttir af stjórn matskerfis op. háskóla, umsógn Fh.
7. Fréttir af BHM.
8. Önnur mál.

1. Fundargerð, desember 2024

Fundargerðin var samþykkt, með lítilsháttar stafsetningarleiðréttingum.

2. Samráðsnefndarfundur, 17. desember 2024

Baldvin sagði frá fundinum og þar var meðal annars fallað um:

- Málefni nýdoktora og launasetning. Hí mun senda gögn sem skoða þarf áður en ákvörðun er tekin um nýja launasetningu.
- Fæðisfé og starfshlutfall. Hí mun skoða máli með KMR.
- Skaðvaldar, enn í skoðun hjá HÍ.
- Lágmarkslaun rannsóknar- og aðstoðarmanna og samspil sbr. nýjan kjarasamning. Hí mun taka málið upp með KMR.
- Aðjúnktar II og starfsreynsla. Forsendur óljósar og aðilar þurfa að ná saman um túlkun.
- Einstaklingsmál. Er í ferli.

Næsti fundur verður haldinn 16. janúar 2025.

3. Framlag ríkisins, 0,1%

Baldvin sagði frá fyrirhuguðum fundi formanna BHM vegna málsins.

4. Rektorskjör 2025

Málið rætt. Ákveðið var að fá hvern og einn frambjóðanda til rektors HÍ á fund stjórnar félagsins í byrjun febrúar. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa það. Þá var einnig ákveðið að kanna möguleika

á að standa fyrir pallborði með öllum frambjóðendum fyrir félagsfólk upp úr miðjum febrúar. Baldvin ætlar að kanna áhuga Félags prófessora með þátttöku í því.

5. Tp. 13. Nóv. sl. v. rannsóknarmisseries

Dagskrárliðnum var frestað á síðasta fundi. Jens ætlar að kanna hvort tilefni sé til þess að félagið skoði málið frekar.

6. Fréttir af stjórn matskerfis op. háskóla

Jens sagði frá störfum nefndarinnar. Á næsta fundi nefndarinnar verður m.a. tekið fyrir erindi frá Heilbrigðisvísindasviði.

7. Fréttir af BHM

Íris sagði frá. Vinna er í fullum gangi við fjárhagsáætlun bandalagsins ásamt skipulagningu stefnumótunardags bandalagsins, sem verður haldinn 20. febrúar nk.

Önnur mál:

Baldvin vildi vekja athygli stjórnarfólks á málþing um opi vinnurými.

Þá sagði hann einnig frá fyrirhuguðum fundi með forráðamönnum háskólans á Bifröst.

Fundi lauk kl. 13:20.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 4. febrúar nk.